

Mál nr. 271/2016**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.****Árekstur bifreiða á Reykjadalssvegi 21.7.2016****Gögn.**

1. Málskot móttakið 30.8.2016 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 9.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið suður Reykjadalssveg og ók A á undan B og hugðist ökumaður A beygja til vinstri að Vestmannsvatni. B var ekið á eftir A og hugðist ökumaður aka fram úr A í sömu mund og A var beygt til vinstri og árekstur varð. Fullbrotin miðlína er á veginum þar sem áreksturinn varð. Ökumaður A segist hafa gefið stefnumerki í tæka tíð og fylgst vel með umferð í kringum sig áður en hann beygði. Ökumaður B segist ekki hafa áttað sig í tæka tíð á því að A væri að fara að beygja til vinstri á veginum og ekki séð stefnumerki frá A.

Álit.

Ökumaður B mótmælir því ekki að ökumaður A hafi gefið stefnumerki áður en hann hóf að beygja A til vinstri og segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekki tekið eftir því fyrir en alveg í restina og segist ekki geta sagt til um það af eða á hvort stefnuljós hafi verið gefið í tæka tíð og ekki geta rengt það. Leggja verður því til grundvallar að ökumaður A hafi gefið stefnuljós í tæka tíð svo sem hann heldur fram. Sá sem fer framúr annarri bifreið á akbraut verður að gæta að ákvæðum 20.-22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ávallt beri að sýna aðgæslu við framúrakstur. Einnig kemur fram í d.lið 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995 að þeim sem ekur yfir fullbrotna miðlínu ber að hafa í huga að það megi einungis aka yfir hana sé gætt fyllstu varúðar. Þess gætti ökumaður bifreiðar B ekki nægilega vel m.v. framburð hans sjálfs. Sá sem beygir til vinstri á akbraut verður hins vegar að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig þegar hann tekur vinstri beygju, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Einnig ber þeim sem ekur með þessum hætti til vinstri einnig að gæta fyrirmæla fyrrgreinds ákvæðis 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995. Það að gefa stefnumerki upphefur ekki slíka varúðarskyldu.

Við mat á endanlegri sakarskiptingu verður að hafa í huga að varúðarskylda hvíldi á báðum ökuöðnum í aðdraganda árekstursins. Þar hafði þó ökumaður bifreiðar B, í þessu tilviki aðeins ríkari varúðarskyldu en ökumaður bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B ber því 2/3 hluta sakar en ökumaður A ber 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar.

Reykjavík 4.10.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.